

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2013, þriðjudaginn 24. september, kl. 16,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2013

Knattspyrnufélagið Haukar f.h. Björgvins Stefánssonar

gegn

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

I

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp þann 17. september sl. en í honum var áfrýjandi, Björgvin Stefánsson, leikmaður Hauka, dæmdur í 5 leikja keppnisbann.

Áfrýjandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði endurskoðaður og breytt þannig að leikbannið verði stýtt.

Stefndi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dómin, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

II.

Helstu málavextir eru þeir að þann 15. september 2013 fór fram leikur í B. riðli 2. flokks karla á Vestmannaeyjavelli á milli ÍBV/KFS/KFR og Hauka. úrslit leiksins urðu 4-4.

Samkvæmt skýrslu dómara leiksins, Magnúsar Garðarssonar, gaf hann Björgvini Stefánssyni, leikmanni nr. 94 hjá Haukum, beint rautt spjald með þá tilvísun í skýrslu sinni að leikmaðurinn hafi sýnt af sér ofsafengna framkomu. Nánar segir í skýrslu dómarans að stimpingar hafi orðið milli

leikmanna eftir að mark hafði verið skorað sem endaði með því að leikmaður heimaliðsins sló Björgvin í andlitið. Þá segir í skýrslunni: „Þá missir leikmaður nr. 94 hjá Haukum gjörsamlega stjórn á sér og kýlir eyjamanninn í andlitið þannig að hann féll í jörðina, svo ræðst hann á hann þegar hann liggur á jörðinni og kýlir eyjamanninn nr. 14 2-3 sinnum í andlitið með krepptum hnefa þangað til liðsfélagar hans tóku hann í burtu.“

Skýrsla dómarans var tekin fyrir á fundi Aga og úrskurðarnefndar þann 17. september og leikmaðurinn dæmdur í 5 leikja keppnisbann.

III.

Röksemdir áfrýjanda í áfrýjun hans lúta helst að því að aðdragandi leiksins hafi verið þannig að leikurinn hafi verið leikinn við erfiðar aðstæður og að dómari leiksins hafi snemma misst tökin á leiknum. Þá telur áfrýjandi að athugasemdir dómara um atvikið sem Björgvin fékk rautt spjald fyrir hafi verið alrangar.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál skal nefndin úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og það hefur nefndin gert í máli þessu. Ekki er fallist á að einhver sérstök rannsóknar- eða gagnaöflunarskylda hvíli á áfrýjunardómstólnum, þ.m.t. að kalla eftir möguleg vitni.

Í grein 6.2. í tilvitnaðri reglugerð eru ákvæði um að leikmaður sem fær brottvísun hafi heimild til athugasemda við brottvísunina innan sólarhrings frá því leik lýkur.

Ágreiningslaust er í máli þessu að það var ekki gert, en ábyrgð á því er alfarið leikmanns þess sem hlut á að máli hverju sinni.

Kröfu sína um mildun úrskurðarins er studd þeim rökum að refsing leikmannsins sé ósanngjörn í ljósi málsatvika, sérstaklega þegar tekið sé tillit til þess að athugasemdir dómara séu rangar og hún muni skerða möguleika leikmannsins á komandi leiktíð, þar sem hann muni færast upp í meistaraflokk og taka út leikbannið þar.

Ekki verður þó röksemdakafli áfrýjunarinnar túlkaður á annan hátt en þann að áfrýjandi viðurkenni, a.m.k. í öllum meginatriðum þá atburðarás sem leiddi til hins umþrætta leikbanns, en gerir hins vegar athugasemdir við nánari lýsingar dómarans á atvikinu.

IV.

Að öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að fallist er á það með Aga og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi áfrýjanda í umræddum leik hafi verið með þeim hætti að rétt sé að setja áfrýjanda í leikbann, með vísan til greinar 13.1.4. í reglugerð Aga og úrskurðarnefndarinnar.

Það er skoðun áfrýjunardómstólsins að refsing áfrýjanda hafi verið hæfilega ákveðin í úrskurði Aga og úrskurðarnefndar KSÍ og því ber að staðfesta hana.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson

Guðmundur Pétursson

Lúðvík Örn Steinarsson